



# Formannafundur AKÍS

21. nóvember 2020

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn í fjarfundi laugardaginn 21. nóvember 2020 kl. 12:00.

## 1. Fundur settur

Helga Katrín Stefánsdóttir formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður lagði til að Baldvin Hansson yrði fundarstjóri og Þrándur Arnþórsson fundarritari sem var samþykkt.

Baldvin spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins. Það var ekki og lýsti hann því formannafundinn löglegan.

## 2. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar:

Góðir fundarmenn

Á starfsárinu 2020 voru skráðar 57 keppnir. Keppnistímabilið hófst af fullum krafti strax í janúar þar sem voru haldnar keppnir í hermiakstri. Það stóð stutt því að í febrúar kom Covid 19 sem átti eftir að hafa mikill áhrif á allt íþróttastarf í landinu. Það tókst að halda 32 keppnir en því miður þurfti að aflýsa 25 keppnum vegna aðgerða sóttvarnaryfirvalda. Það reynist oft erfitt fyrir keppnishaldara að halda keppir og skipuleggja þær með ýmsum höftum sem voru á þeim tíma. Allir akstursíþróttaklúbbarnir eiga heiður skilið að hafa unnið eftir þessum erfiðu kröfum sem voru settar til að halda keppnishaldinu gangandi. Það var fullur skilningur hjá stjórn um að ef félögin vildu aflýsa keppnum eða fresta þá mundi stjórn ekki vinna á móti því. Einnig voru gerðar smávægilegar breytingar í ýmsum greinum þar sem keppnisflokkar voru ekki að ná fjölda keppna til þess að vera krýndur meistari.

Á árinu voru gefin út 788 keppnisskírteini. Sem er 19% minnkun frá árinu áður.

Í byrjun janúar voru lagðar fram nýlega þýddar reglur og byrjað að móta vinnuferli við að skoða öll öryggisbúr keppnistækja hér á landi. Farið var á fullt við að skoða öryggisbúr út frá reglum og gæðamati á suðum, mæla og taka myndir af og skrá öll keppnistækja. Hér á eftir fara Fylkir og Þrándur yfir hugmyndir um hvernig þetta ferli gæti verið á næsta ári og opna umræðu um þessi mál. Á næsta ársþingi verði síðan lagðar fyrir nýjar reglur til samþykktar, en drög að þeim verði send út um áramót.

Þýðing Reglubókar FIA (International Sporting Code) var á lokaspretti í byrjun árs og var undirbúningur hafinn við gerð námskeiðs sem átti að vera haldið í byrjun sumars en varð ekki úr vegna aðgerða stjórnvalda, en það voru haldnir kynningarfundir fyrir keppnistjóra, dómnefndarmenn og keppendur til þess að kynna fyrir þeim breytingar sem mundu verða á keppnum í ár. Stefnt er á að þessi námskeið verði haldin í byrjun næsta árs til að koma enn betri þekkingu á Reglubókinni inn í okkar keppnishald.

Í framhaldi þýðingar Reglubókarinnar var gerð reglugerð um keppnishald þar sem tekið er á ýmsum málum sem koma að keppnis- og mótahaldi sérstaklega hér á landi. Þrátt fyrir að þessi reglugerð hafi verið gefin út er hún reglulega í endurskoðun og bætingu. Það sem hefur verið ofarlega í umræðunni er að dómnefndir eigi að vera á staðnum þegar keppnir eru og séu að vinna eftir Reglubókinni. Það sé unnið að betra upplýsingaflæði með því að hafa skýrari upplýsingarskýrslur. Einnig kemur þar fram að stjórn AKÍS skipi formann dómnefndar í allar keppnir til Íslandsmeistaratíls næsta sumar og sambandið muni sjá um ferða og gistikostnað vegna þessa.

Í byrjun júní kom ný breyting á reglugerð sem snéri að aldri barna og unglinga í akstursíþróttum. Það þýðir að Akstursíþróttasambandið getur sett reglur um aldur barna sem mega keppa í akstursíþróttum, þau mættu samt vera ekki yngri en alþjóðlegar reglur segja um. Um leið og þessi reglugerðarbreyting kom inn þá bætast ungir 15 ára krakkar í hópinn í unglingsflokki í rallycrossi. Það verður spennandi að sjá hvernig næsta ár verður og vonandi verða ungir ökumenn komnir inn í flesta keppnisgreinar í akstursíþróttum.

Þetta eru framtíðarkeppendur okkar og við öll þurfum að huga að barna og unglingsstarfi til að fá enn meiri aukningu í okkar frábæra sport.

Í ágúst síðastliðinn var haldin hér fyrsta umferð í heimsmeistarakeppni FIA í nákvæmisakstri rafbíla. Þetta er þriðja árið sem Ísland heldur þessa keppni og stefnan er að halda hana aftur á næsta ári. Sjö keppendur voru skráðir, þar af fjórar erlendar áhafnir. Efta íslenska áhöfnin voru þær systur Auður og Rebekka Pálsdætur sem enduðu í öðru sæti, eftir afar harða keppni. Í heildina enduðu þær í þriðja sæti til heimsmeistara og telst það mjög góður árangur. Samhliða heimsmeistarmótinu var keyrð ein umferð í Íslandsmóti í nákvæmisakstri og í ár verða krýndir í fyrsta sinn Íslandsmeistarar í nákvæmisakstri rafbíla það voru þeir Jóhann Egilsson og Pétur Wilhelm Jóhannsson sem hlutu titillinn.

Lítið var um námskeiðshald vegna Covid og er stefnt að því að bæta úr því fyrir næsta keppnistímabil. Á dagskrá í október var að Ísland myndi halda stóra FIA Sport Regional Congress Northern Europe ásamt Women in Mótorsport ráðstefnu en það varð ekkert úr því vegna takmarkana sóttvarnaryfirvalda. Það endaði þannig að FIA Sport ráðstefnan var haldin í fyrsta skipti í fjárfundi sem kom vel út enda litaðist ráðstefnan mikið af aðlögun að hertum sóttvarnareglum, einnig var mikið talað um grasróta sport sem er að verða mjög vinsælt hjá okkar nágrannabjóðum. Í opnunarræðu Graham Stoker var talað um að það væri stefnan að halda næstu ráðstefnu hér á landi í október á næsta ári sem við fögnum og undirbúningur þessarar ráðstefnu fer af stað í byrjun janúar.

Unnið var hörðum höndum við að bæta mótakerfið og það var gert aðgengilegra fyrir keppnishaldara. Stofnun keppna var lagfærð, lögð áhersla á að mótakerfið yrði þannig að allir keppnishaldarar gætu stofnað keppnir með samræmdum hætti og jafnframt að uppfylla skilyrði reglna þar um. Sniðmát fyrir sérreglur í öllum keppnisgreinum hafa verið settar inn og myndast þær við stofnun keppni. Bætt hefur verið við upplýsingatöflu fyrir hverja keppni sem keppnishaldari getur notað til að koma skilaboðum til keppenda og þeirra sem málið varðar. Nú er hægt að staðfesta félagsaðild með því að senda inn skrá. Skráning Íslandsmeistara var einnig lagfærð og birting þeirra aðlöguð keppnisgreinum.

Öryggisnefnd AKÍS var stofnuð í byrjun janúar. Þau hafa verið dugleg að halda nefndarfundi aflagi sér ýmskonar gagna ásamt því að mæta á keppnir til að kynna sér öryggismál keppenda og keppnishaldara. Nefndin hefur gott samráð við keppnisráð og keppnishaldara, og hugar jafnt að málum er varða keppendur, starfsfólk, áhorfendur, fjölmiðlafólk og almenning.

Í ár starfa sjö keppnisráð, ég vill þakka öllu því góða fólki sem hafa verið í þessum ráðum og sem sitja í þeim í dag. Þau hafa unnið ótrúlega gott starf í gegnum árin. Það sést bæði á keppnishaldi og hvernig keppnisráðin halda utanum keppendur, starfsfólk og einnig áhorfendur. Þau hafa verið að halda fundi með keppendum verið dugleg að upplýsa keppnishaldara ýmis konar breytingar og fræðslu. Það sem stendur upp úr á árinu er hvernig þau hafa aðlagast vinnuumhverfi sem hefur verið vegna aðgerða sóttvarnaryfirvalda. Einnig hafa nokkur keppnisráð verið að vinna með að koma á unglingsstarfi eða opna fyrir að krakkar sem eru á 15 ári megi keppa í akstursíþróttum. Þetta er mjög jákvætt skref í rétta átt til að byggja upp akstursíþróttir á Íslandi. Það er stefnan mín að leggja tillögu fyrir ársþing á næsta ári að það verði stofnað unglingsráð þar sem við fáum ennþá betur að heyra og sjá þessa frábæru krakka dafna og að við styðjum við þau, því jú þau eru framtíð okkar mótorsports.

Ég vil enda á því að þakka öllum keppnishöldurum, keppnisráðum, starfsfólki, sjálfbóðaliðum og að sjálfsögðu keppendum fyrir frábært keppnistímabil sem var að ljúka. Þetta var mjög krefjandi tímabil í mikilli óvissu um hvort það væru keppnir og hvernig þær myndu fara fram.

Það er alls ekki sjálfgefið að allir þessir einstaklingar taki saman höndum og gerðu þessar keppnir sem voru haldnar svona vel, því í ýmsum öðrum stórum sérsamböndum þurftu þau að hætta við keppnistímabil sín og gátu hvorki haft æfingar né félagsfundi. Þið sem stóðuð vaktina eigið hrós skilið og ég vill innilega þakka fyrir þau störf sem þið hafið lagt á ykkur til þess að gera þetta keppnistímabil að veruleika í mjög krefjandi aðstæðum. Það var hægt að halda 55% af þeim keppnum sem voru skráðar á dagatal og ég tel það sé mikill þrautseigja að hafa tekist það. Innilega þakkir.

### 3. Skýrslur keppnisráða og nefnda

Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram og ræddar. Reglur þurfa að vera tilbúnar fyrir 1. desember 2020.

#### 4. Staðfesting Íslandsmeistara 2020

Eftirfarandi Íslandsmeistaratitlar voru staðfestir:

Grein	Nafn	Félag
<u>Drift - Götubílaflokkur</u>	Michal Kujoth	ÁÍH
<u>Drift - Minni götubílar</u>	Emil Örn Kristjánsson	ÁÍH
<u>Drift - Opinn flokkur</u>	Jón Þór Hermannsson	ÁÍH
<u>Rally – Aðstoðarökumenn AB Varahlutaflokkurinn</u>	Egill Andri Tryggvason	BÍKR
<u>Rally – Aðstoðarökumenn flokkur A</u>	Erika Eva Arnarsdóttir	ÁÍH
<u>Rally – Aðstoðarökumenn flokkur B</u>	Ísak Guðjónsson	BÍKR
<u>Rally – Aðstoðarökumenn jeppar</u>	Magnús Þórðarson	BÍKR
<u>Rally – Aðstoðarökumenn heildin</u>	Ísak Guðjónsson	BÍKR
<u>Rally – Ökumenn AB Varahlutaflokkurinn</u>	Ívar Örn Smáráson	BÍKR
<u>Rally – Ökumenn flokkur A</u>	Daníel Sigurðarsson	ÁÍH
<u>Rally – Ökumenn flokkur B</u>	Gunnar Karl Jóhannesson	BÍKR
<u>Rally – Ökumenn jeppar</u>	Guðmundur Snorri Sigurðsson	ÁÍH
<u>Rally – Ökumenn heildin</u>	Gunnar Karl Jóhannesson	BÍKR
<u>Nákvæmnisakstur rafbíla - Ökumenn</u>	Jóhann Egilsson	KK
<u>Nákvæmnisakstur rafbíla - Aðstoðarökumenn</u>	Pétur Wilhelm Jóhannsson	KK
<u>Rallycross – Unglingaflokkur</u>	Óliver Örn Jónasson	ÁÍH
<u>Rallycross – Standard 1000cc flokkur</u>	Alexander Már Steinarsson	ÁÍH
<u>Rallycross – 1400 flokkur</u>	Arnar Már Árnason	ÁÍH
<u>Rallycross – 2000 flokkur</u>	Víkar Karl Sigurjónsson	ÁÍH
<u>Rallycross – 4X4 Non Turbo</u>	Ólafur Tryggvason	ÁÍH
<u>Rallycross – Opinn flokkur</u>	Atli Jamil Ásgeirsson	ÁÍH
<u>Kvartmíla - OF</u>	Valur Jóhann Vífilsson	KK
<u>Kvartmíla - SS</u>	Kristján Þorbjörn Bóasson	KK
<u>Kvartmíla - ST</u>	Victor Hjörvarsson	KK
<u>Kvartmíla - TS</u>	Hafsteinn Valgarðsson	KK
<u>Sandspyrna – Jeppar</u>	Grétar Már Óskarsson	TKS
<u>Sandspyrna – Útbúnir jeppar</u>	Stefán Kristjánsson	KK
<u>Sandspyrna – Opinn flokkur</u>	Valur Jóhann Vífilsson	KK
<u>Sandspyrna – Sérsmíðuð ökutæki</u>	Gauti Möller	BA
<u>Hermikappakstur</u>	Aron Óskarsson	KK
<u>Kappakstur - Formula 1000</u>	Jóhann Egilsson	KK

## 5. Keppnisdagatal 2021

Dags	Grein	Skýring	Félag	Staður
01.05.2021	Drift	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
08.05.2021	Torfæra	Íslandsmót	Hekla	Hella
12.05.2021	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
15.05.2021	Sandspyrna	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
16.05.2021	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
22.05.2021	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
22.05.2021	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
29.05.2021	Torfæra	NEZ Formula Offroad	NMK	Hønefoss, Noregi
30.05.2021	Torfæra	NEZ Formula Offroad	NMK	Hønefoss, Noregi
29.05.2021	Kappakstur	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
29.05.2021	Götuspyrna / 1/8 míla	B. Jensen afmælistpyrna	BA	Akureyri
04.06.2021	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
05.06.2021	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
05.06.2021	Torfæra	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
06.06.2021	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
12.06.2021	Torfæra	Íslandsmót	TKS	Vestmannaeyjar
12.06.2021	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
17.06.2021	Bíla- og tækjasýning	Bíladagar	BA	Akureyri
17.06.2021	Sandspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
18.06.2021	Drift	Íslandsmót	BA	Akureyri
19.06.2021	Götuspyrna / 1/8 míla	Íslandsmót	BA	Akureyri
19.06.2021	Vígsla brautar og Burnout	Íslandsmót	BA	Akureyri
24.06.2021	eRally	FIA ERRC / Íslandsmót	KK	Reykjavík
25.06.2021	eRally	FIA ERRC / Íslandsmót	KK	Reykjavík
26.06.2021	eRally	FIA ERRC / Íslandsmót	KK	Reykjavík
26.06.2021	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Suður/vesturland
27.06.2021	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
30.06.2021	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
03.07.2021	Torfæra	Íslandsmót	Start	Egilsstaðir
03.07.2021	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
10.07.2021	GoKart	Íslandsmót	BA	Akureyri
10.07.2021	Kappakstur	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
17.07.2021	Torfæra	Íslandsmót	BA	Blönduósi
17.07.2021	Gokart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
18.07.2021	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
21.07.2021	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður

23.07.2021	Rally	Íslandsmót	BS	Sauðárkrókur
24.07.2021	Rally	Íslandsmót	BS	Sauðárkrókur
25.07.2021	Torfæra	Íslandsmót	TKS	Akranes
31.07.2021	Traktoratorfæra	Bikarmót	Hekla	Flúðir
31.07.2021	King of the Street	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
07.08.2021	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
08.08.2021	1000cc kappakstur	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
14.08.2021	Torfæra	Íslandsmót	BA	Akureyri
15.08.2021	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
19.08.2021	Rally	Íslandsmót (vægi 1,5)	BÍKR	Reykjavík
20.08.2021	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
21.08.2021	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
21.08.2021	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
21.08.2021	Götuspýrna / 1/8 míla	Íslandsmót/Minningarmót	BA	Akureyri
22.08.2021	Polakstur	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
28.08.2021	Sandspýrna	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
29.08.2021	Rallycross	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
04.09.2021	Kappakstur	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
04.09.2021	Gokart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
04.09.2021	Sandspýrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
11.09.2021	Rallycross	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
12.09.2021	Rallycross	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
17.09.2021	Rally	Íslandsmót - Haustrall	BÍKR	Reykjavík
18.09.2021	Rally	Íslandsmót - Haustrall	BÍKR	Reykjavík
06.11.2021	Formannafundur	Verðlaunaafhending	AKÍS	Reykjavík

## 6. Umræður um afreksstefnu AKÍS

Helga Katrín Stefánsdóttir kynnti hugmyndir um næstu landsliðsverkefni í afreksstefnu. Í janúar verður haldið Reykjavík International Games (RIG) og verður AKÍS með keppni í flestum akstursíþróttagreinum sem hermiakstri. Keppt verði við önnur Norðurlönd.

Tillaga verði lögð fyrir ársþingið að stofnað verði Unglingaráð. Haldin verði námskeið og fyrirlestrar til að efla unglingstarfið og draga fleiri inn.

Helga óskaði eftir að keppnisráð vinni sína eigin framtíðarsýn hvernig best væri að byggja upp afreksfólk hvernig greinar.

## 7. Akstursípróttamenn ársins - karl og kona valin

Formenn níu aðildarfélaganna sem voru mættir kusu akstursípróttakonu og akstursípróttakarlar og úrslit kosninga urðu:

Akstursípróttakona ársins:	Heiða Karen Fylkisdóttir
Akstursípróttakarlar ársins:	Vikar Sigurjónsson

## 8. Styrkir

Árni Gunnlaugsson fór yfir hugmyndir um styrkveitingar. Hugmyndin er að úthluta í apríl og október. Í ár voru styrkir upp á 3.000.000. Við viljum sjá fleiri umsóknir frá félögum. Sækja um fyrir talstöðvum, fatnað fyrir starfsfólki, málning og fleira. Formenn hvattir til að sækja um.

Sérstakir styrkir fyrir unglिंगastarf. Þetta hentar fyrir rallycross núna og fljótlega fyrir rally og fleiri greinar.

Styrkir fyrir námskeið, til dæmis fyrstuhjálpi sem hvert félag á að geta haldið einu sinni á ári.

Styrkir fyrir keppnisferðir á keppnir erlendis. Væri hægt að stofna afrekssjóð innan AKÍS?

Stjórn AKÍS falið að móta hugmyndir um reglubreytingar vegna styrktarveitingu fyrir barna og unglिंगastarf. Það verði til umfjöllunar á næsta ársþingi.

## 9. Tryggingamál

Stefán Örn Steinþórsson og Þrándur Arnþórsson kynntu ósk um tilboð í tryggingar sem send var á öll fjögur tryggingafélög landsins. Það var gert í samvinnu AKÍS og MSÍ.

Þetta var gert í framhaldi af síðasta formannafundi AKÍS þar sem stjórn AKÍS var falið að kanna möguleika á tryggingum vegna tjóna þriðja aðila. Sérstaklega hvort aðildarfélögin keyptu sjálfstætt tryggingar eins og nokkur hafa gert, eða AKÍS geti samið um heildarpakkann. Markmiðið er að lágmarka kostnað bæði fyrir keppnishaldara og keppendur.

Fundurinn fól Einari Gunnlaugssyni að koma okkur í samband við samgönguráðherra til þess að koma hugmyndum AKÍS að nýrri reglugerð um akstursípróttir á framfæri.

## 10. Reglugerðir um keppnishald og keppnisráð

Helga Katrín Stefánsdóttir lagði fram tillögur að breytingum á reglugerðum. Helstu breytingar eru varðandi skipan í keppnisráð og að AKÍS skipi formann dómnefnda í öllum keppnum næsta keppnistímabils.

## 11. Heimildarvinna um íslenskar akstursípróttir

Bragi Þórðarson kynnti hugmynd sína um að safna saman úrslitum úr öllum akstursípróttakeppnum frá upphafi.

Fundarmenn tóku jákvætt í þessa hugmynd.

## 12. Öryggisbúrareglur 2021

Fylkir Jónsson kynnti hugmyndir um einfaldari útfærslu á öryggisbúrum fyrir rallycross.  
Prándur Arnþórsson kynnti verkmiðjuframléidd öryggisbúr sem eru notuð í keppnum í Bretlandi.

## 13. Önnur mál

Engin mál.

Formannafundi slitið um kl. 17:30

### Viðauki A: Mæting

Helga Katrín Stefánsdóttir	AKÍS	TKS
Baldvin Hansson	AKÍS	KK
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	AKÍS	
Stefán Örn Steinþórsson		AKÍS
Fylkir Jónsson	AKÍS	AÍH
Árni Gunnlaugsson	AKÍS	
Prándur Arnþórsson	AKÍS	
Sigurður Haukur Einarsson	Hekla	
Magnús Ragnarsson	AÍFS	
Magnús Ási Ástráðsson	Start	
Baldur Haraldsson	BS	
Einar Gunnlaugsson	BA	
Heimir Snær Jónsson	BÍKR	
Vikar Sigurjónsson	Rallycross	
Sigfús B Sverrisson	Hringakstur	
Atli Már Egilsson		GoKart